

# Felliveggir

Hreifanlegir veggir sem opna nýja vídd.
Glæsileg og vönduð lausn. Mikil hljóðeinangrun.
Klæðskerasniðin fyrir öll rými.

MULTIWAL

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!!



# fasteignir

13. MAÍ 2008



ÁS FASTEIGNASALA

Frum

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00
FLATAHRAUN 1
ALLT AÐ 90% LÁN.







Glæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í 5 hæða lyftuhúsi á frábærum stað. Afh. við kaupsamn. TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR. **Verð frá 23,9 millj.** 6344




Húsið er neðst í botnlanga í grónu hverfi.

# Bíósalur og útsýni til Esju

**Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur til sölu glæsilegt fimm herbergja einbýlishús á útsýnislóð við Leirutanga.**

Húsið, sem er 308,1 fermetri, er vel skipulagt og vandað. Komið er inn í rúmgóða forstofu með flísum á gólfi og fataskáp. Frá forstofu er gengið inn í flísalagt hol og þaðan inn í opið og stórt eldhús með góðum borðkrók og miklu útsýni. Ný og góð tæki eru í eldhúsinu og eikarinnrétting. Inni af eldhúsinu er þvottahús og þaðan er hægt að ganga út í garðinn.

Úr eldhúsi er opið inn í parkettlagða borðstofu og inni af henni er góð stofa með arni og fallegu útsýni til Esjunnar. Úr holi er komið inn á svefnherbergisgang með parketti á gólfi. Á hægri hönd er vinnuherbergi og við hlið þess flísalagt baðherbergi með sturtuklefa, baðkari og ljósri innréttingu. Innst á ganginum er rúmgott hjónaherbergi með góðu skápaplássi og við hlið þess er flísalagt baðherbergi. Hinum megin við ganginn eru tvö barnaherbergi. Gengið er niður í kjallara af ganginum og þar er stórt herbergi með útgangi út í garð. Í kjallaranum er einnig teppalagður bíósalur. Stór tvöfaldur bílskúr með mahóní-innkeyrsluhurðum og mikilli lofthæð er sambyggður húsinu. Úr bílskúrnum er gengið upp í geymsluris sem er yfir öllu húsinu.

Húsið er byggt árið 1988 og hannað af Kjartani Sveinssyni arkitekt en Stanislas Bohic landslagsarkítekt hannaði garðinn, sem er stór og vel hirtur. Stórt upphitað og hellulagt bílaplan er fyrir framan húsið og sunnan við húsið er stór afgirt timburverönd. Vestan við húsið er önnur verönd með heitum potti.

Ásett verð er 100 milljónir.




Á ils.is getur þú:
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsumsókn
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður



Hert gler
...í milliveggi
Íspan
GLER OG SPEGLAR
Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is





## 220 Hafnarfjörður: Nýtt og glæsilegt fjölbýli

### Norðurbakki 15 og 17: Lyftuhús með bílakjallara

**Ás** fasteignasala er með í sölu glæsilegar íbúðir í nýjum lyftuhúsum við Norðurbakka 15 og 17 í Hafnarfirði. Þetta eru fjögurra hæða lyftuhús og tvær íbúðir á hæð. Innangengt er í sameiginlegt bílageymsluhús með 106 stæðum. Eitt eða tvö sér bílastæði fylgja öllum íbúðum.

**Lýsing:** Íbúðirnar í Norðurbakka 15 eru þriggja herbergja og 135,3 fermetrar að stærð. Í Norðurbakka 17 eru íbúðirnar 119,1 fermetri og þriggja herbergja. Lofthæð íbúða er um 2,7 metrar og ná allir gluggar niður í gólf og gefa mikla og skemmtilega birtu. Tvennar svalir eru á flestum íbúðunum. Útveggir eru steyptir, einangraðir og klæddir að utan með álklæðningu og harðviðarklæðningu að hluta. Íbúðunum er skilað fullbúnum með parketti á gólfum, flísalögðum baðherbergjum og flísalögðum þvottahúsgólfum og gólfhiti er í öllum íbúðum. Sameign og lóð eru fullfrágengin með snjóbræddum bílageymslurampi og hellulögðum göngustígum. Á þaki bílageymsluhúss er sameiginlegur garður með leiksvæði, garðbekkjum og púttvelli. Sér þvottahús er í hverri íbúð, auk þess eru rúmgóðar geymslur í kjallara fyrir hverja íbúð.

**Norðurbakki 15:** Íbúðir afhentar í vor 2008. Verð 37 milljónir.

**Norðurbakki 17:** Íbúðir afhentar í október 2008. Verð 35,7 milljónir.



**100% fjármögnun — Engin útborgun!**

Verð 185.000 evrur

Frum





„GENGIÐ Á KRÓNUNNI"

**Hefurðu áhyggjur af því varðandi kaup á húsi á Spáni?**
**Ekki í þessu tilfelli þar sem þú þarft ekki að kaupa evruna, þú færð 100% lán á verði eignarinnar sem og skatta semsagt 0 kr. útborgun.**

Til sölu alveg ný 2 stórglæsileg raðhús hlið við hlið á Costa Blanca ströndinni á Spáni með mögulegri 100% fjármögnun, hentugt fyrir fjölskyldur sem vilja vera nálægt hvor annari. Húsin eru staðsett í Balcones de Cabo Roig hverfinu sem er á hinu þekkta Torreviejasvæði á Spáni. Húsin standa við götu sem er með svokölluðu grænu svæði fyrir framan, sem þýðir að ekkert verður byggt fyrir framan húsin, og sameiginlegri sundlaug hinum megin sem er sérlega smekkleg. Mikið af íslendingum hafa fest kaup á húsum í þessum kjarna sem segir ansi margt um gæði þessara húsa.

**Stærð samtals: 85,84 m2.**

Í þessum húsum eru 2 svefnherbergi, 2 baðherbergi, eldhús, stofa, tvennar svalir, verönd og þakverönd með miklu útsýni til sjávar. Sameiginleg sundlaug. Bílastæði undir húsunum innifalið í verði. Þegar fólk kemur í skoðunarferð og af kaupum verður borgum við fyrir tvo aðila bæði gistingu og flug við afsal hússins. Mögulegt er að fá allt kaupverðið lánað til 30 ára hjá spænskum banka. Öll gögn um verðmat liggja fyrir.

www.golf-houses.com

Costa blanca.is
www.costablanca.is

Bjarni 0034-663326472 // bjarni@costablanca.is • Ívar 0034-606743181 // breytling@hotmail.com

**KRISTNIBRAUT 45.**
113 Reykjavík
GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ

Stærð: 211,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2002
Brunabótamat: 32.170.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




Í dag og miðvikudag kl 18.00-19.00

Verð: 49.900.000





STÓRGLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ Í LITLU FJÖLBÝLI MEÐ TVEIMUR BÍLSKÚRUM. Í íbúðinni eru þrjú rúmgóð svefnherbergi með góðum beikiskápum. Stofan og borðstofan eru mjög bjartar með útgengi á svalir. Baðherbergi er með góðri beikiinnréttingu og sturtu. Eldhúsið er í 30 fm alrými með eyju, gufugleypi og granít borðplötum, í því er sjónvarpsaðstaða og borðkrókur. Úr eldhúsi er gengið út á 90 fm þakgarð með alveg einstöku útsýni yfir Faxafóa , Esjuna og Úlfarsfell. Þvottahús er innan íbúðar. Beikiparket er á gólfum nema á eldhúsi, þvottahúsi og baðherbergi sem eru flíslögð. Eigninni fylgja tveir samliggjandi bílskúrar sem eru inní fermetratölu og sér bílastæði. 15 fm geymsla er í sameign. Íbúðin er í alla staði mjög vönduð og vel skipulögð með glæsilegum innréttingum.



Nanna Guðbergs
Sölufulltrúi
**899-9493**
nanna@remax.is



Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
thorunn@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009



## Þorfinnsgata - 4ra herb.

4ra herb. íbúð 77.3 fm á 2. hæð auk 14.09 fm herbergis í kjallara og 8.4 fm geymslu, alls 100,6 fm. Íbúðin skiptist í gang, eldhús, tvær stofur, tvö svefnh. og baðherbergi.Sameiginlegt þvottahús í kjallara. Verð kr. 28.3 millj



## Gullengi - 4ra herb.

Ný fullbúin 132 fm íbúð á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýli við Gullengi. Eignin skiptist í 4 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús .Sameiginlegur garður með leiktækjum. Sér inngangur af svölum. Hagstætt 20 millj. lán getur fylgt. Verð 31.9 millj.



**Skógarhjalli-Kópavogur**
Glæsilegt 284,2 fm einbýli á tveimur hæðum, þar af 32 fm bílskúr. Sér 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. Á efri hæð er forstofa, forstofuherbergi, eitt svefnherbergi, baðherbergi, stofur og eldhús. Á neðri hæð er sjónvarpshol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, saunaklefa og þvottahús.
Verð 68 millj.



**Lautasmári - 4ra herb m/bílskýli.**
115.8 fm 4ra herb. íbúð mjög vel staðsett í Kópavogi. Þvottahús innan íbúðar og 16,7 fm stæði í bílskýli. Parket á allri íbúð nema flísar á baði og þvottah. Beyki innréting í eldhúsi. Verð 28.5 millj.



**Grundarstígur - 4. herb.- útsýnis-íbúð**
143 fm 4ra herb. vel útbúin íbúð á 3 hæð. Mikið útsýni er yfir alla borgina. Innréttingar og gólfefni er allt fyrsta flokks. Þvottaaðstaða í íbúð. Einkastæði fylgir.



**Engihjalli - 1 hæð**
84 fm 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. Á hæðinni. Verð 20,4 millj



**Rauðarárstígur - 2ja herb.**
48 fm íbúð á 1 hæð miðsvæðis í Rvk. Hvítar fulninga innréttingar í eldhúsi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Geymsla og þvottahús í kjallara. Stæði bakatil. Verð 15.5 millj



**Hraunbær- 2ja herb**
56.4 fm tveggja herbergja íbúð. Parket er á stofu og svefnherbergi. Baðherbergi hefur verið endurnýjað, þvottavélatengi og nýtæki. Sameign er snyrtileg.
Verð 15.9 milljón



**Nýbýlavegur - 2ja herb. - Bílskúr.**
77.6 fm íbúð á 2. hæð, þar af er bílskúrinn 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og baðherbergi mjög smekklega. Verð 19.9 millj.



**Seljuskógur 18 - Akranesi - 100% lán**
Húsið er 213 fm Kanadískt timburhús. Búið er að klæða húsið að utan, setja vegjgagrindur, rafmagnstöflu og vatnslagnir. Innangengt er í 26 fm bílskúrinn. Verð 30 millj



**Baugakór - 3ja herb m/bíla-geymslu**
97 fm 3 herb íbúð með bílageymslu, íbúðin skiptist í stofu eldhús og baðherbergi, 2 svefnherbergi og þvottahús inní íbúð. Verð 25.9 millj.



**Naustabryggja - íbúð á jarðhæð**
120 fm 2-3ja herb. íbúð með útsýni út Elliðavoginn. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, baðh., svefnh.Í kjallara: Sjónvarpshol, geymsla og þvottahús. Verð 25,9 millj.



**Þingholtsstræti - 2ja herb.**
Íbúðin 80 fm skiptist í opið rými með stofu, eldhúsi og borðstofu, svefnherbergi og baðherbergi. Góðar svalir. í kjallara þvottahús, sér geymsla og hjóla/vagnageymsla.



**Grettisgata-Miðbær-Einbýli**
Húsið skiptist í kjallara, hæð og ris. samtals. 138 fm og 50 fm 2ja herb hliðarbyggingu. Búið að endurnýja allt húsið. Lán getur fylgt. Verð 45 millj.



**Herjólfsgata-Laus strax**
96 fm risíbúð fyrir 60 ára og eldri. Gott sjávarútsýni. Stofa, eldhús, svefnherbergi, milliloft og baðherbergi.Stæði í bílageymslu. Íbúð er laus og til afhendingar við kaupsamning. Verð 32.9 milljónir



**Iðufell 8 - 2ja herb**
68 fm í búð á 3 hæð með góðum áhvílandi lánum. Búið er að stækka stofuna með að byggja yfir svalirnar. Verð 15.3 millj



**Grandavegur - 3ja herb. - 60 ára +**
Falleg 86.9 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Þvottaherb. í íbúð. Sérgeymsla í kjallara. Öryggishnappar í íbúðinni. Sjúkaþjálfari, hárgreiðslustofa, matur o.fl. í húsinu. Verð 29.5 millj.



**Línakur - 4.herb.**
Fallegar nýjar íbúðir. Allt tréverk í íbúðinni er úr eik fyrir utan þvottah. er hvít innrétt. Bað og þvottah. með flísum og gólfhita. Allar innihurðir eru yfirfelldar.
Verð frá 34.9 millj.



**Kóngsbakki - 4ra herb**
101.4 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, hjónah., 2. barnaherbergi, bað og þvottah. Íbúðin er upprunaleg og snyrtileg. Sér geymsla í kjallara. Verð 21.9 millj.



**Hallakur - Ný 3. herb**
Glæsileg 3ja herb íbúð á jarðhæð með útgengi í garð í litlu fjölbýli. Eikarparket og flísar á gólfum. Eikar innréttingar. Glæsileg eign mjög miðsvæðis og stut í aðal umferðaræðar. Verð 29.5 millj



**Reynimelur - 2ja herb**
Ný uppgerð íbúð á 1. hæð. Ný Hvítlökkuð innrétting með nýjum stáltækjum. Perket út hlyn. Ný útihurð. Baðherb með nýrri sturtu. Verð 19.9 millj



**Suðurhlíð 38B - 3ja herb. Gott útsýni** Íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Gegnheilt eikarparket á gólfum. Innréttingar úr eik. Granít á borðum. Vönduð tæki frá Miele í eldhúsi. Ísskápur, uppþvottavél og örbylgjuofn fylgja. Arinn í stofu. Öll ljós og gluggatjöld fylgja. Sér bílastæði í bílakjallara hússins. Verð 39,6 millj.

Stakfell.is | :: 535_1000

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009

# Skiphot 50a

**12 nýjar 2-3 herbergja íbúðir frá 74.8 - 106 fm og ein 4. herbergja íbúð á 2 hæðum 205.2 fm. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum og tækjum.**





Frum

**Áhvílandi 18 milljóna króna lán frá ÍLS. Seljandi lánar 5 milljónir án vaxta og verðtryggingar í 5 ár án stimpilgjalds og þinglýsingagjalds. Eignaskipti möguleg. Verð 26.3 - 37.5 milljónir.**

Sveitarfélagið ÁLFTANES

## Auglýsing vegna fyrirhugaðrar lóðaúthlutunar á Álftanesi 2008

Bæjarstjórn Álftaness áformar skipuleggja u.þ.b 12 ha lands nærri sjó hjá Haukshúsum og Þórukoti, u.þ.b. 2,5 - 3 ha undir íbúabyggð og 9 ha svæðisins verða opið svæði til útivistar og íþrótta. Kostur er á að tryggja starfsemi golfvallar áfram á þessum stað. Útivistargildi svæðisins er mikið, með opinni sýn til sjávar við Helguvik og tengingu um grænt svæði að nýjum miðbæ.

Nálgast má eyðublað til útfyllingar og yfirlitsmynd af svæðinu á vef Sveitarfélagsins Álftaness, www.alftanes.is/konnun. Á eyðublaðinu gefst kostur á að koma hugmyndum varðandi gerð húsa, lóðastærð og úthlutun lóða á framfæri og skila skriflega til Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum fyrir 26. maí 2008.

Bæjarstjórn Álftaness mun í framhaldi af könnuninni taka ákvörðun um framvindu málsins. Við kynningu á skipulagi svæðisins og auglýsingu um úthlutun lóða á svæðinu verður haft samband við þá sem lýst hafa hugmyndum um úthlutun með því að skila inn ofangreindu eyðublaði. Nánari upplýsingar um málið veitir Bjarni S. Einarsson, bæjartæknifræðingur í s. 550-2300.

**Sigurður Magnússon, bæjarstjóri**




# Danfoss ofnhitastillar

**Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað**

**Við erum leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla**

**Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins**

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is

Svefn & heilsa

6 mán.
vaxtalausar raðgr.

Ég mæli hiklaust með
IQ-CARE

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!

Sölvi Fannar Viðarsson
Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar



# híbýli – svefnherbergi

ÞRIÐJUDAGUR 13. MAÍ 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Þráðlaus þægindi frá Danfoss**

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og
framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss 75
1933 • 2008

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Þessa skemmtilegu hillu hannaði Þorbjörg sjálf og hengir á hana nátt- og undirkjóla.



Hér sést í rúmgaflinn sem Þorbjörg hannaði og gömlu náttborðin sem hún gerði upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Svefnherbergið er undir augljósum skandinavískum áhrifum.

# Undir dönskum áhrifum

**Þorbjörg Jónsdóttir, flugfreyja og MBA-nemi við Háskólann í Reykjavík, hefur lagt mikla vinnu í svefnherbergið sitt.**



Húsgögnin í svefnherberginu eru ekki þau einu sem Þorbjörg hefur gert upp. Hún tók líka borðstofuhúsgögnin í gegn, pússaði þau upp og málaði.

„Ég er mjög hrifin af dönskum stíl,“ segir Þorbjörg. „Ég bjó í Danmörku í nokkur ár og hreifst mikið af þessum hvítmálaða við, sem mikið er notaður þar í landi. Ég átti gömul náttborð frá ömmu minni og afa, en liturinn á þeim passaði ekki inn í svefnherbergið. Ég pússaði þau því upp og lakkaði. Svo keypti ég fallegar höldur í Danmörku og skipti þeim út fyrir þær gömlu. Þetta var svolítil vinna, en svo sannarlega þess virði.“ Þorbjörg gerði slíkt hið sama við spegil sem hún keypti sér.

Hillu í svefnherberginu hannaði hún hins vegar alfarið sjálf. „Ég keypti mér einfalda hillu í gamaldags stíl og festi undir hana króka. Þarna hengi ég síðan fallega undir- og náttkjóla sem gefa skemmtilega, kvenlega stemmningu. Ég hafði séð í dönskum blöðum að fólk er stundum með falleg föt hangandi upp á vegg hjá sér þannig að mér datt í hug að útbúa þessa hillu undir fallegustu blúndurnar mínar,“ segir Þorbjörg og hlær.



Þorbjörg pússaði upp þennan fallega spegil og málaði hvítan.

Hana langaði til að hafa veglegan rúmgafl í svefnherberginu, en hún vildi gera hann sjálf og helst fyrir lítinn pening. „Ég er mjög hrifin af leðri og mig langaði að bæta leðri og lit inn í svefnherbergið því hér er flest hvítt. Ég keypti því fjóra málningarstriga og klæddi hvern og einn í leður. Svo púslaði ég þeim saman og hengdi upp á vegg.“

Þorbjörg er mjög ánægð með afrakstur erfiðisins og finnst svefnherbergið hafa orðið persónulegra fyrir vikið. „Mér finnst ég eiga meira í því þar sem ég hef gert svo margt sjálf.“ *- kka*




● **ÓMISSANDI Á NÁTTBORÐIÐ** Bókasafn heimilisins á kannski ekki best heima í svefnherberginu en nokkrar bækur ættu þó alltaf að vera til taks á náttborðinu. Það er til dæmis tilvalið að hafa góða draumaráðningabók við höndina sem hægt er að seilast í áður en maður fer á fætur og meðan draumarnir eru enn í fersku minni.

Litla minnisbók og penna er einnig gott að hafa við höndina til að skrifa niður drauma. Margir kannast líka við að fá sínar bestu hugmyndir þegar þeir eru við það að sofna á kvöldin og þá er gott að geta hripað þær strax niður á blað.

# Lofandi og dásamleg byrjun

Morgunverður í rúmið er lofandi og dásamleg byrjun á fallegum sumardegi. Það skiptir ekki öllu hvað velst á morgunverðarbakkann og reyndar erfitt að klikka á slíkum málsverði því flest sem gómsætt finnst í búrinu kemur til álita.

Mikilvægasta innihaldsefnið verður þó alltaf ást, blíða og natni þess sem útbýr morgunverð handa þeim sem góðgætisins mun njóta.

Konur hafa dálæti á því þegar ástmenn þeirra færa þeim nýbakað smjördeigshorn, pressaðan ávaxtasafa og eitthvað sætt í munninn í svefnherbergið. En ekki er síður gleðilegt fyrir alla aðila þegar börnin á heimilinu fá að vera með í svo óvæntri og heimatilbúinni veislu. *- þlg*



Freistandi morgunverðarbakki hlaðinn kræsingum. NORDICPHOTOS/GETTY


Takmarkað magn
Geggjuð
LAGERÚTSALA
Allt á gamla verðinu
Allt að 50% afsláttur
Sófar
Hornsófar
Hægindastólar
Borðstofustólar
Borðstofuborð
Gjafavörur
Kerti
Luktir
Skápar
og fleira
Fullt af
nýjum vörum
20-50 %
afsláttur af Cilek
Barbie koja
kr. 27.450,-
Inngangur
Klettháls 13
mán.-fös. 10-18 lau. 12-16
Sími lagerútsölunnar
er 660 0035
HÚSGÖGNIN
HEIM
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



**● VAKNAÐU MEÐ STÆL**

Nú á dögum eru margir hættir að fjárfesta í vekjaraklukkum og láta farsímann þess í stað vekja sig, og fara þannig á mis við margar flottar klukkur. Ein flott klukka er Retro iPod vekjaraklukkan sem er ansi skemmtilega hönnuð. Nánast allar gerðir iPoda passa í klukkuna og er einn kostur hennar sá að hún hleður iPodinn á meðan eigandinn sefur. Er hann fullhlaðinn daginn eftir. Klukkurnar fást í nokkrum litum, gráu, hvítu og bleiku.



# Viður í svefnherbergið

**Ameríski vöruhönnuðurinn Paul Loebach sérhæfir sig í viðarhúsgögnum sem henta vel inni í svefnherbergi.**

Viðarhúsgögn eru hlýleg og notaleg í svefnherbergið. Fallega rennt smáborð með áföstum vösum færi vel sem náttborð við höfðalagið á rúminu og hægt að smeygja blómi í vasann að morgni dags. Fötin sem ekki fara í taukörfuna er hægt að hengja á stiga sem hallast einfaldlega upp að vegg eða leggja þau yfir stólbak.

Ameríski vöruhönnuðurinn Paul Loebach rekur hönnunarstúdíó í New York og sérhæfir sig í hönnun viðarhúsgagna til fjöldaframleiðslu. Hann byggir hönnun sína á þekkingu fjölskyldu sinnar á tré og tækni en hann kemur af þýskum trésmiðum langt aftur í ættir. Húsgögnin hans bera vott um hlýju og rómantík í bland við húmor en hann segir mikilvægt að hlutirnir hafi merkingu. Húsgögnin sýndi hann meðal annars á hönnunarvikunni í Mílanó nú í apríl og fékk góðar viðtökur.

Á heimsíðu hönnuðarins, www.paulloebach.com, má sjá myndir af fleiri verkum eftir hann.

- *rat*



Stóll með fallega renndum viðarfótum og baki, sem gæti komið vel út í horni svefnherbergisins.



Fatastigi úr renndum við kemur skemmtilega út í svefnherberginu.



Smáborð með áföstum blómavösum.



Spegillinn er skemmtilegur en það er engu líkara en hann hafi verið skorinn í tvennt.


# STACCO



**Hönnuður: Pétur B. Lúthersson FHI**
**Hönnunarár: 1980**

## STACCO stóllinn hefur verið seldur í yfir 200.000 eintökum

Stóllinn hefur farið sigurför á íslenskum markaði í 28 ár og er ennþá jafnvinsæll og í byrjun. Stáliðjan ehf í Kópavogi hefur framleitt STACCO síðan 1989, en um 10 ára skeið var hann ennfremur framleiddur í Danmörku á framleiðsluleyfi og seldur víða um heim.

**STACCO** er sannkallaður fjölnotastóll eins og reynslan hefur sýnt. Hann hentar vel í biðstofur, kaffi- og veitingahús, sjúkrahús, skóla, fundarherbergi, ráðstefnusali, fyrirlestrasali, safnaðarheimili og skrifstofur. Hann sómir sér líka vel við borðstofuborðið heima.

**Stafla má allt að 40 stólum á vagna.**

STACCO er þægilegur og endingargóður stóll.
Fæst með krómaðri eða litaðri grind. Mikið úrval áklæða.

STÁLIÐJAN HF
Smiðjuvegur 5 - 200 Kópavogur - Sími 564 5885

STÁLIÐJAN ehf, Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogur
Sími: 564 5885 Fax: 564 5886
E-mail: einar@stalidjan.is

**Söluaðilar:**
Pennin h/f, Hallarmúla 2-4, Reykjavík
Á. Guðmundsson ehf, Bæjarlind 8-10, Kópavogi
E.G. Skrifstofuhúsgögn ehf, Ármúla 22, Reykjavík
Toscana húsgagnaverslun, Smiðjuvegi 2, Kópavogur
Innx Innréttingar ehf, Faxafeni 8, Reykjavík





ELDAVÉLAR - OFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR & HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR
ALLT AÐ 40%
AFSLÁTTUR
ELDAVÉLAR
með keramikborði og fjölvirkum ofni, hvítar eða stál
frá kr. 69.900
INNBYGGINGAROFNAR
hvítir eða stál:
60cm Frá kr. 49.900
70cm Frá kr. 84.900
90cm Frá kr. 99.900
2ja hólfa kr. 109.900
KERAMIKHELLUBORÐ
m/2 hellum kr. 25.900
m/4 hellum frá kr. 33.900
SPANHELLUBORÐ
með 4 hellum
Frá aðeins kr. 69.900
ELBA
GASELDAVÉLAR
með fjölvirkum ofni, 60 eða 100 cm stál:
60cm Frá kr. 86.900
100 cm Frá kr. 159.900
VEGGVIFTUR Frá kr. 5.990
ÚTDREGNAR Frá kr. 15.900
VEGGHÁFAR Frá kr. 19.900
EYJUHÁFAR Frá kr. 69.900
GASHELLUBORÐ
með 4 brennurum
Frá kr. 29.900
HELLUBORÐ MEÐ 4 STEYPTUM HELLUM Á AÐEINS KR. 9.900
Friform
Mán.- föst. kl. 9-
BETRI STOFAN
HVÍTT
OG SVART
og allt þar á milli
nettoline
AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT
25%
AFSLÁTTUR
Þú getur valið um 30 hurðagerðir og -liti hjá okkur. Komdu og skoðaðu
VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL
25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum fram að hvítasunnu (18. apríl - 10.maí)
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR
riform
ni: 562 1500
25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 24. maí
Notaðu tækifærið og gerðu góð kaup
VANTAR ÞIG
(HVÍTA) INNRÉTTINGU?
Þá ertu velkomin(n) í heimsókn til okkar og þú getur valið um 12 mismunandi hurðir. En þar með er sagan ekki öll sögð, því við bjóðum einnig 24 aðrar hurðargerðir, ask, eik, birki, hnotu, svartar eða gular o.m.fl.
Það er sama hvaða hurð þú velur, gæðin eru þau sömu, því NETTOLINE eru glæsilegar danskar innréttingar í hæsta gæðaflokki!
Hvít Basic plastlögð
Hvít slétt sprautulökkuð
Capri hvít plast-heithúðuð
Capri hvít háglans plast-heithúðuð
Hvít með boga plast-heithúðuð
Hvít Nice plast-heithúð
Beykiline hvítt/beyki
Mahognyline hvítt/mahogny
Eik Elegant hvítt/eik
Hnota Format hvítt/hnota
Pisa hvít "höldulaus"
Pisa hvít háglans "höldulaus"
nettoline
AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT
25%
AFSLÁTTUR
www.nettoline.dk
VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL
25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum fram að hvítasunnu (18. apríl - 10.maí)
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR
Friform
Mán
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500
ICE LOGIC
Ný kæliskápalína frá
SNAIGÉ
Við kynnum ICE LOGIC, nýjar gerðir Snaigé kæli- og frystiskápa, stórglæsilega og tæknilega fullkomna.
KYNNINGARVERÐ
25%
AFSLÁTTUR
Gerð RF-27
HxBxD=150x60x62 cm
173 ltr. kælir
54 ltr. frystir
Hvítur ....78.120 Nú 58.600
Stál..........98.280 Nú 73.700
Gerð RF-32
HxBxD=176x60x62 cm
233 ltr. kælir
54 ltr. frystir
Hvítur ....85.680 Nú 64.300
Stál.......108.280 Nú 81.200
Gerð RF-36
HxBxD=194,5x60x62 cm
233 ltr. kælir
88 ltr. frystir
Hvítur ....89.880 Nú 67.400
Stál.......112.980 Nú 84.700
Sparneytinn svo af ber, orkuflokkur A+
Þeir gerast ekki lágværari, aðeins 40dB
"Anti -bacterial protecting system"
Bakteríudrepandi húðun með silfurjónum á innra byrði
Níðsterkar glerhillur, sem þola meira en 25 kg. þunga
Færanleg hurðaopnun, hægri eða vinstri
Fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta (eigið verkstæði).
Gerð C-290
HxBxD=145x60x60 cm
280 ltr. kælir
Hvítur ......58.380
Nú aðeins 43.800
Gerð F-245
HxBxD=145x60x60 cm
205 ltr. frystir
Hvítur.........70.980
Nú aðeins 53.200
Vantar þig góðan kæliskáp?
Mán.- föst. kl. 9-18
Laugardaga 11-16
Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500
ÚRVALIÐ ER HJÁ FRÍFORM






STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700


# Fegrum herbergið með litum

**Svefnherbergi eiga að vera griðastaður þar sem við njótum góðra stunda og sofum svefni hinna réttlátu.**



Dempaðir litir henta í herbergi fullorðinna og jarðlitirnir hafa þar yfirburði í vinsældum.

Hafa litir í svefnherbergjum áhrif á líðan okkar eða erum við háð tískusveiflum þar sem annars staðar? Valdimar Gunnar Sigurðsson, málarameistari og ráðgjafi hjá Fluggerlitum, var spurður að því.

„Það er algengt að svefnherbergi séu hvít og svo sé einn veggur í lit. Oft við höfðagaflinn," segir Valdimar og telur tískuna líka því sem verið hefur. „Ég styðst við tvær meginreglur þegar tveir litir eru valdir saman," segir hann. „Að maður sjái þá báða úr dyrunum, en annar sé ekki falinn á bak við hurð og að litur sé beint á móti glugga. Spurður hvort einhver litur sé öðrum vinsælli núna svarar hann: „Það er alltaf einstaklingsbundið hvað hentar inn á heimilin. Við búum öll svo mismunandi sem betur fer og svefnherbergin eiga að endurspegla smekk eigenda sinna en jarðarlitirnir hafa verið vinsælastir í hjónaherbergin. Brúnir og grábrúnir tónar. Svo er grænn líka góður litur og róandi. En það eru til fjögurhundruð þúsund litir og málið er að hitta á rétta tóninn. Oft er verið að tengja saman liti og tilfinningar og rauður er talinn örvandi en ég held að uppkomið fólk sé frekar að leita að þægilegum lit í svefnherbergið en einhverjum æsandi því slíkir litir verða leiðigjarnir til lengdar."



**Glaðlegir litir þykja góðir í barnaherbergi og einnig vilja unglingarnir oft afgerandi umhverfi.**

Þar sem oft eru fleiri barna- og unglingaherbergi á heimilum en fullorðinsherbergi er Valdimar inntur eftir áhrifum lita á ungviðið. „Ég mæli með sterkari litum í herbergi unga fólksins til að gleðja það og örva ímyndunaraflið. Við erum jú að fegra í kringum okkur."

*- gun*




# Ég mæli hiklaust með IQ-CARE



**Eftir að ég fékk mér IQ-CARE hef ég ekki fundið til í bakinu!**

*Sölvi Fannar Viðarsson*
*Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar*

# IQ-CARE

## HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

## Tvímælalaust ein besta heilsudýna í heimi



**6 mánaða** vaxtalausir raðgreiðslusamningar

## Þrýstijöfnun er lykilorðið

**Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér.**

**Gerið samanburð og finnið muninn.**




AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is



Tuskudýr frá Kaloo til að kúra hjá og sjúga endana á. Endarnir á tuskunni eru hnýttir í þeim tilgangi að litlir gómar geti róað sig með því að japla á þeim og sjúga. Tuskurnar má þvo á þrjátíu gráðum og setja í þurrkara. Þær eru gerðar úr hágæðaefnum og uppfylla helstu gæðakröfur og umhverfisviðmið. Tuskudýrin fást hjá versluninni Völuskríni og kosta frá 2.550 krónum.



Sumum börnum þykir best að dröslast með teppi, kodda og aðra mjúka hluti. Gott er að sofna með þennan mjúka og fallega kodda frá Kaloo, þar sem stinga má litlum stubbaling í vasa til að sofa og einnig eru endar til að sjúga. Fæst í versluninni Völuskrín á 3.995 krónur.



Margrét Guðnadóttir er orðin víðfræg fyrir þjóðlegar spiladósir sem hún hannar og selur í Kirsuberjatrénu. Færri vita að mörg börn sofna við undirleik þessara fallegu spiladósa og hefur Margrét útbúið barnvæna útgáfu sem hægt er að hengja við rúmið eða vögguna. Hún kostar 4.200 krónur og upp úr. Þannig getur barnið sofnað út frá íslensku þjóðlagi. Tvö lög eru fáanleg og eru það Vísur Vatnsenda-Rósu og Krummavísur. Síðan er hægt að fá jólalagið Það á að gefa börnum brauð eftir Jórunni Viðar, og verið er að smíða Sofðu unga ástin mín sem verður fáanlegt með haustinu.

# Svíf þú í svefninn

**Stundum eiga litlu krílin okkar erfitt með að festa svefn og þarf þá að grípa til ýmissa ráða. Fyrir utan mjólkurglas, vögguvísur og ýmis húsráð er hægt að fá alls konar hluti til að auðvelda börnum að sofna. Hér gefur að líta nokkrar nytsamlegar hjálparhellur sem nálgast má auðveldlega í búðum bæjarins.**



Rannsóknir hafa sýnt að börn sem sofa á ullargæru róast fyrr, gráta síður, þyngjast hraðar og sofa þar af leiðandi mun betur. Ullargæran fæst í Þumalínu á Skólavörðustíg á 11.900 krónur.



Mjúkur lampi með mánaskini. Þessi krúttlegi bangsalampi frá franska fyrirtækinu Kaloo er tilvalið náttljós fyrir börn og gefur frá sér hlýja birtu. Ljósið lýsir í sex klukkustundir og fæst á 8.550 krónur í versluninni Völuskríni á Laugavegi.



Hægt er að fá alls kyns fallega óróa til að hengja fyrir ofan rúm barna. Þeir fanga athyglina og geta orðið uppspretta skemmtilegra drauma. Stundum fylgir þeim spiladós með fallegri vögguvísu og eru ruggandi hreyfingarnar róandi. Þessi litríki og krúttlegi órói frá Selecta fæst í Völuskríni á 3.550 krónur.


Lynx
GOLFVÖRUR

GOLFVÖRUR á góðu verði



**Pro Quip Silk Touch**
Besti gallinn skv.
Todays Golfer.
Jakki aðeins **kr. 12.560**
Buxur aðeins **kr. 8.960**






**Golfkerrur**
Þriggja hjóla **kr. 9.520**
Venjuleg frá **kr. 3.740**

**Rafmagnsgolfkerra**
Powerhouse Freedom
28 AH geymir **kr. 39.900**
Fjarstýrð **kr. 49.900**



**HIPPO XXL 460**
Verðlauna driverinn.
Carbon – titanal haus,
með nýja laginu gefur
beinni og lengri högg.
Verð aðeins **kr. 13.515**

Opnunartími
mánudaga –
föstudaga
11 til 18



**Barna- og unglingagolfsett**
í poka verð frá **kr. 9.900**
Pútter, kylfa og
kúlur **kr. 4.500**



**HOWSON Attacker Rescue 21°**
Margverðlaunaður hálfviti. Herra
og dömu, verð aðeins **kr. 4.590**

Howson



**Golfsett í poka**
Heilt sett frá **kr. 24.900**
Hálft sett í poka frá **kr. 14.820**



**HIPPO HEX driver**
**Verðlauna driverinn**
Carbon – titanal haus, með nýja
laginu. Gefur beinni og lengri högg.
Verð aðeins **kr. 16.915**

HiPPO

**Golfboltar -15%**
**í heilum kössum**
**Golfboltar 10 stk, kr. 900**
**Golfpokar frá kr. 3.400**
**Golfskór 30 – 60% afsláttur**

Golf Outlet
Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800


kynningarafsláttur
25%
Fegurð, hlýleiki og fjölbreytileiki!
Gæðaparket frá MEISTER
Vídd | Bæjarlind 4, 201 Kópavogur | sími: 554 6800 | vidd@vidd.is | www.vidd.is
VÍDD
EFNI Í GOTT UMHVERFI



Plastás ehf framleiðir einangrunarplast í veggi, gólfplötu, sökkla, gluggabretti, þök ofl.



Gerum verðtilboð um allt land.
Opið kl. 8.00-17.00 virka daga.

Plastás ehf
Einangrunarplast
EPS
Sími: 4627799 og fax 4627709 netfang er plastas@simnet.is.




